

248. fundur - 18. apríl 2006

Fundurinn hófst kl. 15:15. Mættir allir aðalmenn nema Bjarki Stefán Jónsson er hafði boðað seinkun. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti bauð menn velkomna og las upp dagskrá. Var nú gengið til dagskrár:

### **Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins**

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerðir 246. og 247. fundar hreppsnefndar. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 20. mars (Bjarki Stefán kom inn á fundinn kl. 15:45). Rætt var ítarlega um Staðardagskrá 21 í endanlegri útgáfu umhverfis- og náttúruverndarnefndar. Farið var yfir plaggið og nokkrar lagfæringar gerðar.
- 3) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 31.mars. Samþykkt.
- 4) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 12.apríl. 1. liður varðar málefni einstaklings og hafði hann verið færður í trúnaðarmálabók nefndarinnar. Samþykktur. 2. liður: Gjaldskrá fyrir íþróttahús á Reykhólum, reglur vegna útleigu og húsreglur. Gjaldskrá, reglur vegna útleigu og húsreglur samþykktar með nokkrum breytingum.

### **Mál til afgreiðslu**

- 1) Staðardagskrá 21 fyrir Reykhólahrepp. Samþykkt að senda Staðardagskrá 21 í endurskoðaðri útgáfu til umsagnar þeirra sem málið varðar. Afgreiðslu frestað þangað til umsagnir liggja fyrir.
- 2) Umsókn um vinnveitingaleyfi fyrir "Hótel Flatey" frá Ingibjörgu Ástu Pétursdóttur f. h. Plássins ehf. Vísað til umsagnar lögreglustjóra og fleiri skv. 14.gr. áfengislaga.
- 3) Umsókn um vinnveitingaleyfi fyrir Hótel Bjarkalund frá Árna Arnari Sigurpálssyni f. h. Stekkjarlundar ehf. Vísað til umsagnar lögreglustjóra og fleiri skv. 14.gr. áfengislaga.

### **Mál til kynningar**

- 1) Styrkir úr Húsafriðunarsjóði (veittar kr. 750.000,- til bæja- og húsakönnunar í Flatey á Breiðafirði). Lögð voru fram drög að samningi við Guðmund L. Hafsteinsson arkitekt en aðrir samningsaðilar eru Reykhólahreppur, og Húsafriðunarnefnd. Samningsdrög samþykkt enda leggist ekki aukakostnaður á Reykhólahrepp umfram styrkuppþæð.
- 2) 66. fundur Breiðafjarðarnefndar 10.febrúar (fundargerð)
- 3) 66. fundur barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum (fundargerð)
- 4) 732. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga 24. febrúar (fundargerð). Rætt var um 20. lið fundargerðarinnar og eftirfarandi ályktun samþykkt:

*Hreppsnefnd Reykhólahrepps tekur undir ályktun hreppsnefndar Djúpavogshrepps frá 24. febrúar 2006, þar sem skorað er á Samband íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir því við ríkisvaldið að virðisaukaskattur af refa- og minkaveiðum verði endurgreiddur til sveitarfélaga.*

- 5) 91. fundur skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði 27.febrúar (fundargerð)
- 6) Álftagerðisbræður syngja á Reykhólum sumardaginn fyrsta (tilkynning)

Í lok fundar var samþykkt að vígsla íþróttahússins á Reykhólum fari fram 29. apríl.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:00

*Bjarki Stefán Jónsson (sign)*

*Gústaf Jökull Ólafsson (sign)*

*Egill Sigurgeirsson (sign)*

*Björk Bárðardóttir (sign)*

*Pórður Jónsson (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*